

REGLUR

um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2024.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2024 eru settar skv. 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. og 2. tölul. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila sem færa ber á rekstrarreikning fyrir tekjuárið 2024.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávaraflla og aflaga eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir þessar afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu. Sláturkostnaður vegna búsafurða til heimanota heimilast ekki til frádráttar rekstrartekjum.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl. vegna tekjuársins 2024 er sem hér segir:

Tegund	Krónur	Eining
Mjólk	129	pr. lítra
Egg	630	pr. kg
Kartöflur	174	pr. kg
Rófur	205	pr. kg
Gulrætur	559	pr. kg
Lambakjöt	727	pr. kg
Kjöt af veturgömlu fé	223	pr. kg
Annað kjöt af sauðfé	143	pr. kg
Ungnautakjöt	763	pr. kg
Annað kjöt af nautgripum	462	pr. kg
Folaldakjöt	363	pr. kg
Annað kjöt af hrossum	132	pr. kg
Grísakjöt	571	pr. kg
Annað svínakjöt	291	pr. kg
Kjúklingar	524	pr. kg
Annað fuglakjöt	859	pr. kg
Lax og silungur	905	pr. kg
Annar fiskur	418	pr. kg

Reykjavík, 19. desember 2023.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.